



AÐALSKIPULAG REYKJANESBÆJAR 2020-2035

Óveruleg breyting – Samfélagsþjónusta, heilsugæslustöð Innri Njarðvík (S54)

Maí 2024

1 Inngangur


Bæjarstjórn Reykjanessbæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á Aðalskipulagi Reykjanessbæjar 2020-2035 sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting nær til greinargerðar. Breytingin felur í sér breytta skilgreiningu á reit S54. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir heilsugæslustöð, eftir breytingu er heimilt að hafa að auki heilsutengda verslun og þjónustu.

Hér er sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2 Forsendur

2.1 Aðalskipulag Reykjanessbæjar 2020-2035

Aðalskipulag Reykjanessbæjar 2020-2035 var staðfest 25. janúar 2023. Fyrirhuguð breyting tekur til samfélagsþjónustu S54, heilsugæslustöð Innri-Njarðvík. Umhverfis reit S54 er landnotkun skilgreind sem opið svæði (OP), íbúðarbyggð (ÍB) og verslun- og þjónusta (VP).



Mynd 2-1 Hluti þéttbýlisuppráttar Reykjanessbæjar í Aðalskipulagi Reykjanessbæjar 2020-2035

3 Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar

Breytingin felur í sér rýmri heimild á samfélagsþjónustu reit S54, heilsugæslustöð Innri-Njarðvík. Aðeins er um að ræða heimild til að bæta við heilsutengdri verslun og þjónustu.

Ekki er lögð til breyting á stefnu aðalskipulags eða byggingarmagni.



Gildandi aðalskipulag

6.2.2 Nýjar þjónustustofnanir og starfsemi - hverfiskjarnar

Önnur samfélagsþjónusta

Tafla 6.7 önnur samfélagsþjónusta sem er fyrirhuguð.

Önnur samfélagsþjónusta	Lýsing	Stærð [ha]
S47	Stefnt er að byggingu nýs framhaldsskóla	1,1
S48 Heilsugæslustöð á Ásbrú	Stefnt er að því að ný heilsugæslustöð verði á Ásbrú. Reiknað er með að hver heilsugæslustöð sinni um 10 þúsund íbúum.	0,3
S53	Hverfisþjónusta í Dalshverfi.	0,4
S54 Heilsugæslustöð Innri-Njarðvík	Stefnt er að því að ný heilsugæslustöð verði í Innri-Njarðvík.	2,0
S58	Veitur/dælustöðvar/geymar.	5,5

Breyting á aðalskipulagi

Tafla 6.7 önnur samfélagsþjónusta sem er fyrirhuguð.

Önnur samfélagsþjónusta	Lýsing	Stærð [ha]
S47	Stefnt er að byggingu nýs framhaldsskóla	1,1
S48 Heilsugæslustöð á Ásbrú	Stefnt er að því að ný heilsugæslustöð verði á Ásbrú. Reiknað er með að hver heilsugæslustöð sinni um 10 þúsund íbúum.	0,3
S53	Hverfisþjónusta í Dalshverfi.	0,4
S54 Heilsugæslustöð Innri-Njarðvík	Ný heilsugæslustöð ásamt heilsutengdri verslun og þjónustu.	2,0
S58	Veitur/dælustöðvar/geymar.	5,5

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 2024

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2024
